



1. apríl
2020

Útgefið efni nú aðgengilegt fyrir alla

Nú geta vonandi allir lesið fréttabréfið okkar nánast í hvaða tæki sem er og af hvaða skjá sjá hér:

<https://www.snaefellsnes.is/frettabref>

Það er líka kominn sérstakur flipi á heimasíðu Svædisgarðsins fyrir útgefið efni:

<https://www.snaefellsnes.is/fjoerufraedsla>

Nú eru flestir á fullu að læra á nýja tækni sem getur auðveldað okkur samskipti og það er sannarlega af mörgu að taka.

Svar við spurningu gærdagsins:

Myndin sýnir heita ölkelduvatnið í Lýsulaugum þar sem grænþörungar gera húð silkimjúka. Ölkeldur eru ein sérstaðan á Snæfellsnesi og vatnið er bráðholt til drykkjar og baða. Myndina tók Margrét Elfa




Frá Hótel Búðum

Áskorendahornið

Sveinbjörg Eyvindsdóttir á Valabrekku gladdi okkur í gær með söng og hugvekju og skoraði á næsta Snæfelling, sem auðvitað sagði já.

Áslaug Sigvaldadóttir frá Lágafelli ætlar að opna fyrir okkur hér á fésbókinni í kvöld (apríl) kl. 20 og það verður fróðlegt að heyra og sjá hvað listakonan ætlar að sýna okkur.)



Frá Sjávarpakkhúsinu

Aðgengilegir staðir

Kynning 3

Við höldum hér áfram að skoða Snæfellsnes. Nú er unnið að uppfærslu á kynningarefni á öllum þeim áfangastöðum sem eru í boði á Snæfellsnesi.

Að uppfylltum skilyrðum um samþykki viðkomandi sveitarfélags og eigenda erum við opin fyrir því að bæta við nýjum stöðum en það er alveg ljóst að það er margt í boði á Snæfellsnesi. Þannig að það er ekki forgangsmatariði að opna nýja áfangastaði.

Við þurfum að halda áfram að byggja upp og halda við, þekkja staðina og segja sögur þeirra. Fyrirtæki jafnt sem íbúar á Snæfellsnesi ættu að leggja í þá vinnu og tengja sig við anda Snæfellsness. Svædisgarðurinn á mikið af efni sem getur hjálpað til við þetta. Við munum að fara varlega og muna 2 metra millibil ef við hittum annað fólk við náttúruskoðun þessa dagana.

Gestapenni

Frá Byggðasafni Snæfellinga og Hnappdæla

Það eru mörg spennandi verkefni í gangi og framundan hjá Byggðasafninu. Safnið hefur fengið góða styrki á árinu og þannig náð að fjármagna verkefni. Byggðasafnið vinnur meðal annars með Svædisgarðinum Snæfellsnes og fleiri samstarfsaðilum að verkefni Heima á Snæfellsnesi og Sjókonur á Snæfellsnesi. Jafnframt er Svædisgarðurinn samstarfsaðili safnins í gerð nýrrar grunnsýningar.

Á þessu ári verður unnin hugmyndavinna að nýrri grunnsýningu og fenginn til liðs við safnið reyndur sýningarhönnuður. Minnisvarði um Árna Thorlacius verður áfram í Norska húsinu og unnið er með þá hugmynd að halda skrifstofu hans óbreyttri. Árni er hvað þekktastur fyrir veðurathuganir sínar og hafa verið samfelldar veðurathuganir í Stykkishólmi frá því Árni hóf þær árið 1845. Með nýrri grunnsýningu vill safnið sinna hlutverki sínu betur gagnvart íbúum alls Snæfellsness.

Að auki er nú unnið að verkefnum:

Skráning safnmuna, viðbrögð við eftirliti Safnaráðs, Frá mótun til muna – sýning á listmunum úr leir, Skotthúfan 2020, Landfestar við Silfurgarð / Áttundi áratugurinn í Flatey – sýning, Hrekkjavökuhátíð í Norska húsinu og að jólasýningu sem ber nafnið Jólavættir.

Hjördís Pálsdóttir
Safnstjóri



Norska Húsið



Arnarstapi



Ingaldshöll



Flatey



Kirkjufellsfoss

Ábyrgðarmaður fréttabréfs:
Ragnhildur Sigurðardóttir
framkvæmdastjóri
Svædisgarðsins Snæfellsnes
Uppsetning og hönnun: Krums, Grundarfirði